

ÍSL ENG

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI ART MUSEUM



2020

**opin**

maí-september

kl. 10-17

alla daga

október-apríl

kl. 12-17

alla daga

**open**

may-september

10 am-5 pm

every day

october-april

12 noon-5 pm

every day

2020

aðgangseyrir admission 1800 ISK

# INNGANGUR

## FOREWORD



Kæri lesandi.

2020 verður spennandi ár í Listasafninu á Akureyri. Árið hefst með opnun alþjóðlegrar samsýningar, *Línur*, og í kjölfarið koma ólíkar einkasýningar, yfirlitssýningar, nemendasýningar og sýningar á samtímalist og klassískum verkum. Auk þess stendur Listasafnið fyrir fjölbreyttu fræðslustarfí með Þriðjudagsfyrilestrum, leiðsögnum, smiðjum o.fl.

Við leggjum áherslu á að taka á móti skólahópum og bjóða upp á skemmtilega safnkennslu. Nemendur grunnskólanna og leikskólabörn taka einnig virkan þátt í starfi Listasafnsins með þátttöku í sýningunni *Sköpun bernekkunar 2020*. Nemendur framhaldsskólanna, Myndlistaskólans og Háskólans, sem og Listaháskólans, eru einnig tíðir gestir í safninu.

Í könnun, sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði vegna vinnu við safnastefnu Akureyrar, kemur fram að 85% gesta Listasafnsins eru ánægðir eða mjög ánægðir með sýningar safnsins og eru það frábær meðmæli. Á árinu 2019 hlaut stækkað og endurbyggt Listasafn byggingarlistaverðlaun Akureyrar og arkitektastofan Kurt og Pí var einnig tilnefnd til Hönnunarverðlauna Íslands fyrir hönnun á endurbyggingu Listasafnsins.

Listasafnið á Akureyri er mikilvægur hluti af Akureyri sem menningar- og skólabæ. Listagilið með listamannareknum sýningarárum, gestavinnustofum og margs konar listsþópun er tilvalinn staður heim að sækja.

Verið velkomin að njóta myndlistarinnar í Listasafninu alla daga ársins!

**Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.**

Dear reader

2020 will be an exciting year at the Akureyri Art Museum. It starts with the opening of an international group exhibition, *Lines*, followed by various solo exhibitions, student exhibitions and exhibitions presenting contemporary, as well as classical, works. Akureyri Art Museum also offers educational activities such as lectures, guided tours, workshops and more.

We put a special emphasis on welcoming student groups and offering lively museum education. Students from the elementary schools and playschools do their share of work at the museum, through their participation in the exhibition *Creation of Childhood 2020*. Students from the colleges in Akureyri, from the School of Visual Arts and the University of Akureyri, as well as from Iceland University of the Arts, are also frequent guests at the museum.

In a survey done by the University of Akureyri Research Centre, in connection with forming a policy for the museums in Akureyri, 85% of guests were pleased or very pleased with the exhibitions at the museum. This is an excellent recommendation. In 2019 the enlarged and renovated Museum-building received the Akureyri Architecture Awards and the architectural firm Kurt & Pí was nominated for the Icelandic Design Prize for designing the renovated building.

The Museum is an important part of Akureyri as a hub for culture and education. Art Street, with its artist-run galleries, artist residencies and diverse art creations, is a good place to visit.

Welcome to enjoy art at the Akureyri Art Museum every day of the year!

**Hlynur Hallsson, director of Akureyri Art Museum**



Armando Gomez, *Hungarian Lines*, 2018 (Hluti úr verki / Detail).

# LÍNUR LINES

## Samsýning Group exhibition

01.02.20 – 03.05.20

Átta listamenn frá sex ólíkum löndum og fjórum heimsálfum; Hong Kong, Litháen, Japan, Þýskalandi, Mexikó og Túnis, „draga línur“. Línurnar verða til í gegnum ólík listform í þeim tilgangi að eiga samskipti við umheiminn. Sýningin Línur tengir Ísland við fjarlæga og framandi menningarheima í gegnum myndlist. Hluti verkanna er staðbundinn, þ.e. unnið sérstaklega inn í rýmið í Listasafninu á Akureyri. Á meðal þess sem verður til í rýminu eru kontrapunktar þar sem verkin ýmist trufla eða bæta við hvert annað.

Titill sýningarinnar vísar til tenginga á milli landa, á milli listforma, á milli listamanna og við samfélagið. Lína er ljóðræn, listræn fugurð, sem talar við samfélagið á opinn og hlutlausán hátt. Allt er spurning um sjónarhorn, hvort „horn“ afhjúpar eitthvað nýtt og verður hvati að ólíkum samtölum. Sýning sem þessi skapar skilning í gegnum samskiptin sem eiga sér stað á milli listforma og menningarheima – slíkt leiðir af sér aukið umburðarlyndi og samkennd.

Þátttakendur: Almuth Baumfalk, Armando Gomez, Hiro Egami, Rym Karoui, Miyuki Kido, Kristine Schnappenburg, Saulius Valius, Lap Yip.

Sýningastjóri: Mireya Samper.

Eight artists from six countries and four continents: Hong Kong, Lithuania, Japan, Germany, Mexico and Tunisia “draw lines”. This they will do through different forms of art, with the purpose to communicate with the rest of the world. The exhibition *Lines* connects Iceland with remote and exotic cultures through visual art. Some of the artworks are site specific i.e. created especially for the space at Akureyri Art Museum. Hence, some counterpoints will be created in the exhibition space where the art pieces either trouble or add to each other.

The title of the exhibition refers to connections between countries, art forms, artists and to society. A line is a poetic, artistic beauty that speaks to society in an open and neutral way. Everything is a question of perspective – each perspective discloses something new and sparks diverse conversations. Such an exhibition creates an understanding through the communication that takes place between different art forms and cultures – which will result in increased tolerance and empathy.

Participants: Almuth Baumfalk, Armando Gomez, Hiro Egami, Rym Karoui, Miyuki Kido, Kristine Schnappenburg, Saulius Valius, Lap Yip.

Curator: Mireya Samper.

# SKÖPUN BERNSKUNNAR 2020

## CREATION OF CHILDHOOD 2020



Rósa Kristín Júlíusdóttir, *Griðastaður / Felustaður* (Hluti úr verki / Detail).

### Samsýning

Group exhibition

**07.03.20 – 03.05.20**

Þetta er sjöunda sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp sem liður í safnfræðslunni, með það markmið að gera sýnilegt, og örva, skapandi starf barna á aldrinum fimm til sextán ára.

Þáttakendur hverju sinni eru börn og starfandi myndlistarmenn, oftast einn karl og ein kona. Þáttakendurnir vinna verk sem falla að þema sýningarinnar, sem að þessu sinni er *hús, heimili, skjól*, með áherslu á hamfarahlýnum af mannavöldum og áhrif hennar á búsetuskilyrði.

Einnig verða til sýnis líkön af íslenskum neyðarskýlum sem kanadísku listamennirnir Natalie Lavoie og Steve Nicoll bjuggu til og sýndu, þegar þau dvöldu í gestavinnustofu Gilfélagsins í nóvember 2018.

Í ár koma fimm ára leikskólabörn, þrjátíu og fjögur talsins í tveimur hópum, á Listasafnið á Akureyri og vinna myndverk undir leiðsögn tveggja starfandi myndlistarkvenna, Jonnu (Jónborgar Sigurðardóttur) og Gunnhildar Helgadóttur, en sú síðarnefnda er annar tveggja myndlistarmanna sem eiga verk á sýningunni. Aðrir þáttakendur eru Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður, Brekkuskóli, Lundarskóli og Naustaskóli ásamt leikskólanum Hólmasól.


This is the seventh annual exhibition with the title *Creation of Childhood*. The aim is to stimulate creative work and creative thinking among school children from the ages of five to sixteen.

Participants each time are children and artists who create works according to the theme, which this time is *house, home, shelter* with a special focus on climate change and its effect on our living conditions.

In addition, a few models of emergency shelters in Iceland will be exhibited – created by the Canadian artists Natalie Lavoie and Steve Nicoll, during their stay in the Gil Association residency in November 2018.

This year 34 preschool children will visit the museum and create artwork under guidance from two female artists, Jonna (Jónborg Sigurðardóttir) and Gunnhildur Helgadóttir, who is one of two artists participating in the exhibition. Other participants are Hrafnkell Sigurðsson artist, the elementary schools Brekkuskóli, Lundarskóli and Naustaskóli, along with the preschool Hólmasól.

# LISTNÁMS- OG HÖNNUNARBRAUT VMA



VMA forsíðumynd 2019 / VMA cover photo 2019.

## Útskriftarsýning

Nemendur listnáms-  
og hönnunarbrautar VMA

Final Projects

Visual art and textiles students at VMA -  
the Akureyri Comprehensive College

09.05.20 – 17.05.20    21.11.20 – 29.11.20

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er sjötta árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði, þar sem þeim gefst tækifaðri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnt.

Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarferli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með.

Samhliða öðru námi fá nemendur eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur, þar sem frumkvædi, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at the Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the sixth year in a row, these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before or acquaint themselves with new ones. The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium.

Alongside their other studies the students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.

# MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

## AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS



Frá Sjónmennt 2019 / From Visual Art Studies 2019.

### Sjónmennt 2020

**Sýning útskriftarnema  
Myndlistaskólans á Akureyri**

Visual Art Studies 2020

Graduating students from the  
Akureyri School of Visual Arts

09.05.20 – 17.05.20

Pað dylst engum sem skoðar verk þeirra myndlistarmanna og hönnuða sem brautskráðir eru að loknu þriggja ára námi í sérnámsdeildum Myndlistaskólans á Akureyri að þar eru á ferð sterkir einstaklingar sem taka fag sitt alvarlega og hagnýta sér til fulls þá reynslu sem þeir hafa öðlast.

Sjálfsskoðun er mikilvæg og gerir þá kröfу til nemandans að hann nái að yfirstígа nánd sína og birta viðfangsefni sitt á þann hátt að það veki áhuga áhorfandans. Pað getur verið snúið, en styrkleiki nemandans felst í hnitiðaðri, myndrænni framsetningu verkanna og kunnáttu til að miðla henni á sem sterkastan hátt til áhorfandans. Myndrænn framsetning verkanna er hluti af hugmyndinni og gegnir lykilhlutverki í að miðla áhrifunum til áhorfandans.

No one who observes the work of the artists and designers who graduate after three years of specialized studies at the Akureyri School of Visual Arts is in doubt that they are strong individuals who take their profession seriously and take full advantage of the experience they've gained.

The students' strength lies in a focused, visual presentation of artwork and skill as well as communicating that to the viewer in as powerful a manner as possible. The works' visual presentation is a part of the idea and plays a key role in communicating the influences to the viewer.

# PRIÐJUDAGSFYRIRLESTRAR

**Priðjudagsfyrirlestrar fara  
fram í Ketilhúsinu  
kl. 17-17.40**

**28. janúar**  
Mireya Samper  
myndlistarkona

**4. febrúar**  
JBK Ransu  
myndlistarmaður

**11. febrúar**  
Marco Paoluzzo  
ljósmyndari

**18. febrúar**  
Snorri Ásmundsson  
listamaður

**25. febrúar**  
Ragnheiður Eríksdóttir  
tónlistarkona

**3. mars**  
Kristín Dýrfjörð  
dósent við HA

**10. mars**  
Kenny Nguyen  
myndlistarmaður


Verið velkomin  
Aðgangur ókeypis



## FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf Listasafnsins er  
ætlað alls konar hópum,  
s.s. skólahópum, vinahópum  
og vinnustaðahópum.

Heimsóknir eru bókaðar á  
[palina@listak.is](mailto:palina@listak.is)



# JÓNA HLÍF HALLDÓRSDÓTTIR



*Meira en þúsund orð*, 2020.

## Meira en þúsund orð

More Than a Thousand Words

16.05.20 – 16.08.20

„Mynd segir meira en þúsund orð.

Mynd segir meira en þúsund ár.

Mynd segir meira en þúsund íslensk ár.

Íslensk mynd segir meira en þúsund íslensk ár.“

„Drifkrafturinn á bak við sýningar mínar er tilfinning fyrir viðfangsefnunum hverju sinni og orkan sem tengist þeim. Einstök verk hafa snúist um hvernig raunveruleikinn birtist í myndlist eða hvernig samfélagið bregst við myndlistinni.

Textaverk og tilraunir með efni hafa verið undirstaða verkanna undanfarin ár. Texti sem áferð, sem framsetning hugsana, sem hugmyndavaki við mótu samfélags.

Í nýlegum verkum hef ég verið að fást við kjarna, tíma og ímynd. Orð eða hugmyndir eru afbyggðar og þeim gefin ný merking í samspili við efnivið verkanna eða samhengi sýningarárinnar.“

Jóna Hlíf (f. 1978) lauk MFA-gráðu frá GSA í Skotlandi 2007. Hún er fyrrverandi formaður SÍM og nú forstöðumaður Gerðarsafns.

“A picture says more than a thousand words.

A picture says more than a thousand years.


A picture says more than a thousand Icelandic years.

An Icelandic picture says more than a thousand Icelandic years.”

“The drive behind my exhibitions are my feelings towards each subject matter and the energy connected to them. Some of my works look into how reality is presented in visual art, or how society reacts to visual art.

For the past few years text and experiments with various material have been the base of my works. Text as texture, as expression of thoughts, as an inspiration for shaping society. In recent works I've been dealing with essence, time and image. Words and ideas are deconstructed and given a new meaning in harmony with the material and context of the exhibition.”

Jóna Hlíf Halldórsdóttir (born 1978) graduated with an MA degree from GSA in Scotland 2007. She was the director of SÍM and is now the director of Gerðarsafn Art Museum.



*Sál / Spirit*, án ártals / Not dated.

# BRYNJA BALDURSDÓTTIR



## Sjálfsmýnd

Self-Portrait

16.05.20 – 16.08.20

Listsþópun míni sprettur upp af viðleitni minni við að myndgera innra landslag mannsins, hið sammannlega og einstaka sem hluta af stærri heild. Verkin á sýningunni eru unnin með þetta í huga. Sjálfsmýndaseríani skiptist í lágmyndir og bókverk sem eru hvert um sig þrískipt í þremur litum, svörtum, hvítum og gylltum, sem summa þriggja þátta, líkama, hugar og sálar.

Brynja Baldursdóttir (f. 1964) stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1982-1986. Hún stundaði mastersnám við Royal College of Art í Lundúnum 1987-1989 og Ph.D. nám við sama skóla 1989-1993. Brynja hefur sýnt víða hér heima og erlendis. Hennar helstu listform eru bóklist og lágmyndir. Eftir hana liggur fjöldi bókverka, bæði bóklistaverk og hannaðar bækur. Hún hefur unnið til yámissa verðlauna fyrir grafíkska bókahönnun ásamt því að vera tilnefnd til Menningarverðlauna DV 1993 fyrir bóklist.

My art creation derives from my attempt to visualize the inner landscape of humans; the collective human factors and the unique as part of a bigger whole. The artwork exhibited are created with this in mind. The "Self-portrait" series is divided into reliefs and book-art - each ternate in three colors; black, white and golden, as a sum of three sections; body, mind and spirit.

Brynja Baldursdóttir (born 1964) studied at The Icelandic College of Art and Craft 1982-1986. She graduated with an MA from the Royal College of Art in London 1987-1989 and then studied for a PhD. at the RCA 1989-1993. Brynja has exhibited numerous times in Iceland and abroad. Her main artforms are book-art and reliefs. She has created a large number of works, both book-art and graphic book design, been awarded for her book design and also nominated for the 1993 DV Cultural Awards for her book-art.

# HEIMIR BJÖRGÚLFSSON



Zzyzx II, 2019 (Hluti úr verki / Detail).

## Zzyzx

16.05.20 – 16.08.20

Zzyzx er sýning sem byggð er á sögu og umhverfi Zzyzx-svæðisins í Mojave-eyðimörkinni í Kaliforníu. Hryggjarstykkid er ný ljós- og klippimyndasería, en einnig eru til sýnis önnur verk sem tengjast viðfangsefninu beint eða óbeint.

Heimir Björgúlfsson er fæddur í Reykjavík 1975. Hann lauk BA-gráðu í myndlist við Gerrit Rietveld Listaháskólann í Amsterdam í Hollandi 2001 og meistaragráðu í myndlist við Sandberg Institute í Amsterdam 2003. Heimir hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um Evrópu og Bandaríkin. Hann var tilnefndur til De Volkskrant Beeldende Kunst Prijs í Hollandi 2006 og einnig til Carnegie-verðlaunanna í Svíþjóð 2011. Heimir hefur undanfarin ár búið og starfað í Los Angeles í Bandaríkjum.

Zzyzx is an exhibition based on the history and surroundings of the Zzyzx-area in the Mojave Desert in California. Its backbone is a new photo-collage series, exhibited along with works relating to the subject matter – directly or indirectly.

Heimir Björgúlfsson was born in Reykjavik in 1975. He finished a BA degree in visual arts at the Gerrit Rietveld Academie in Amsterdam, the Netherlands in 2001 and a Master's degree at the Sandberg Institute in Amsterdam 2003. He has held solo exhibitions and participated in group exhibitions in numerous places in Europe and USA. Björgúlfsson was nominated for both the Volkskrant Beeldende Kunst Prijs in the Netherlands, as well as the Carnegie Art Award in Sweden 2011. For the past few years he has lived and worked in Los Angeles, USA.

# SNORRI ÁSMUNDSSON



Jón hlaupari, 2019.

## Franskar á milli

Fries In Between

**30.05.20 – 04.10.20**

Snorri Ásmundsson hefur stundum verið kallaður „óþekka barnið“ í íslenskri myndlist. Hann vinnur gjarnan með samfélagsleg „tabú“ eins og pólitík og trúarbrögð og hafa gjörningar hans löngum hreyft við samfélagini. Snorri öngrar félagslegum gildum og skoðar takmörk náungans og sín eigin, en fylgist jafnframt grannt með viðbrögðum áhorfandans. „Stundum er sagt við mig að ég sé „sósíal skulptúr“. Ég skil fullyrðinguna mætavel því mörg verka minna eru speglun eða framlenging á þankagangi mínum og vangaveltum. Málverkið hefur skipað stóran sess í minni sköpun og fyrsta myndlistarsýningin sem ég hélt 1996 var málverkasýning. Þó ég sé kunnastur fyrir gjörningana mína er það málverkið sem er ódaðlegt og brauðfæðir mig. Það er æðisleg tilfinning að vera besti málari á Íslandi og í hópi fimm bestu málara í heiminum í dag.“

Snorri Ásmundsson flutti aftur til Akureyrar 2017, þar sem hann er fæddur og uppalinn, eftir að hafa dvalið og sinnt listsköpun til lengri í tíma í París, Vín, Mexikó og Los Angeles.

At times Snorri Ásmundsson has been called the “l'enfant terrible” of the Icelandic art scene. His subject matter often includes social taboos such as politics and religion and his performances have often moved communities. He provokes societal standards and investigates his and his fellows' limitations while watching the viewers response closely.

“Every now and then people tell me that I'm a “social sculpture”. I fully understand the statement, since many of my artworks mirror or extend my thoughts and contemplations. The painting has played a major role in my creative process and my first art-exhibition, in 1996, showed only paintings. Although I'm best known for my performances it is the painting that is eternal and provides for me. To be the best painter in Iceland and grouped among the five best painters in the world today, is a marvelous feeling.”

Snorri Ásmundsson moved back to his hometown of Akureyri in 2017 after staying and attending to the art-muse in Paris, Vienna, Mexico and Los Angeles.

# HVERFANDI LANDSLAG

## DISAPPEARING NATURE



Anna P. Karlsdóttir, *Dulur*, 2019.

### Samsýning

Group exhibition

30.05.20 – 20.09.20

A sýningunni *Hverfandi landslag* taka íslenskir og finnskir listamenn höndum saman og sýna þæfð verk úr ull. Samvinnan hófst 2017 með sýningunni Northern Landscape í Jämsa, Finlandi, sem haldin var í tilefni af 100 ára sjálfstæði landsins. Þáttakendur voru frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Íslandi.

Viðfangsefnið er áhrif og afleiðingar loftslagsbreytinga. Landslag hverfur, landslag breytist og landslag tekur á sig nýja mynd. Náttúran hefur þegar breyst og enginn veit hvað bíður komandi kynslóða í þessum efnum.

Þáttakendur: Anna Þóra Karlsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Hanna Pétursdóttir, Heidi Strand, Olga Bergljót Þorleifsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigríður Elfa Sigurðardóttir, Aaltio Leena, Anne-Mari Ohra, Eeva Piesala, Elina Saari, Kikka Jelisejeff, Leena Sipilä, Mari Hämäläinen, Mari Jalava, Marika Halme, Marjo Ritamäki, Rea Pelto-Uotila, Rutsuko Sakata, Sirpa Mäntylä, Tiina Mikkelä og Tupu Mentu.

Sýningarstjóri: Anna Gunnarsdóttir.

The exhibition is a collaboration between Icelandic and Finnish artists, showing felted works made out of wool. They started working together in 2017 by installing the exhibition Northern Landscape in Jämsa, Finland, on the occasion of the centenary of the country's independence. Participants were from Denmark, Sweden, Norway, Finland and Iceland.


The theme of this exhibition is the effect of climate change. Landscape disappears and changes. Nature has already changed and we don't know what lies ahead for future generations regarding these matters.

Participants: Anna Þóra Karlsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Hanna Pétursdóttir, Heidi Strand, Olga Bergljót Þorleifsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigríður Elfa Sigurðardóttir, Aaltio Leena, Anne-Mari Ohra, Eeva Piesala, Elina Saari, Kikka Jelisejeff, Leena Sipilä, Mari Hämäläinen, Mari Jalava, Marika Halme, Marjo Ritamäki, Rea Pelto-Uotila, Rutsuko Sakata, Sirpa Mäntylä, Tiina Mikkelä og Tupu Mentu.

Curator: Anna Gunnarsdóttir.



# LILÝ ERLA ADAMSDÓTTIR



*Skrúður I, lítið brot af góðri köku, 2019.*



## Skrúðgarður

Soft Spot

29.08.20 – 15.08.21

Lilý Erla Adamsdóttir vinnur á mörkum myndlistar, hönnunar og listhandverks. Yfirborð er henni hugleikið, hvort sem um ræðir yfirborð náttúrunnar eða mennskunnar. Í verkum sínum skoðar hún handgerða endurtekningu, möguleika hennar og takmarkanir. Hvernig hið einstaka kallast á við fjöldann um leið og fjöldinn skapar einstakan samhljóm. Vinnuferli Lilýjar einkennist af stöðugu samtali við efnið, þar sem eitt leiðir af öðru. Undanfarið hefur hún nýtt sér eiginleika tuft-tækninnar til skoðunar á þræðinum og sjónrænna áhrifa hans, þegar kemur að samspili lita og efniseiginleika. Lilý talar ýmist um verkin sín sem loðin málverk eða dansandi útsaum.

Lilý Erla Adamsdóttir (f. 1985) lauk BA gráðu í myndlist frá LHÍ 2011 og MA gráðu í listrænum textíl frá Textilhögskolan í Borås í Svíþjóð 2017.

Lilý Erla Adamsdóttir's works border on visual art, design and artistic craft. She is very fond of surfaces, whether it is the surface of nature or humans. The subject matter in her works is manual repetition, both its potential and limits. How the unique is picked up by the multitude at the same time as the multitude creates a unique harmony. Adamsdóttir's work-process is characterized by a constant communication with the matter – where one thing leads to the next. In her most recent works she has made use of the tuft-technique to examine the thread and its visual effect, when it comes to the interplay of colors and the properties of the material. She describes her work either as furry paintings or dancing embroidery.

Lilý Erla Adamsdóttir (born 1985) graduated with a BA degree from Iceland University of the Arts 2011 and with an MA degree in Artistic Textile, from the Swedish School of Textiles in Borås, Sweden 2017.

# ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON



## Lengi skalmanninn reyna Yfirlitssýning

Long Are the Trials of Man  
A retrospective

29.08.20 – 17.01.21

Yfirlitssýning á verkum eftir Þorvald Þorsteinsson (1960-2013) verðuropnuð á Akureyrarvöku, 29.ágúst 2020. Sýningin er samstarfsverkefni Listasafnsins á Akureyri og Hafnarborgar í Hafnarfirði, en þar verður hún sett upp snemma árs 2021.

Þorvaldur var afkastamikill listamaður og kennari sem nýtti sér flesta miðla í listsköpun. Auk þess að fást við myndlist samdi hann skáldsögur, leikrit, ljóð og tónlist og varð landsþekktur fyrir *Vasaleikhúsíð* sem flutt var í Ríkisútvarpinu 1991 og síðar sýnt í sjónvarpi. Skáldsaga hans, *Skilaboðaskjóðan*, sló einnig rækilega í gegn þegar hún kom út 1986 og var síðar færð í leikbúning og sýnd í Þjóðleikhúsínu sem söngleikur 1993. Fjórar bækur Þorvaldar um *Blíðinn* hafa verið þýddar á fjölda tungumála og Borgarleikhúsíð setti upp leikrit hans *And Björk of Course* 2002. Hann hélt margar einkasýningar, jafnt á Íslandi sem erlendis, og tók þátt í alþjóðlegum samsýningum víða um heim.

Þorvaldur hefði orðið sextugur þann 7. nóvember 2020. Af því tilefni efnir Listasafnið til málþings á fæðingardegi hans, þar sem fjallað verður um ævi hans og áhrif.

A retrospective exhibition showing works by Þorvaldur Þorsteinsson (1960-2013) will open on August 29<sup>th</sup> 2020, during Akureyri's annual town festival. The project is a collaboration between Akureyri Art Museum and Hafnarborg, Centre of Culture and Fine Art, in Hafnarfjörður, where it will be on view early 2021.

Þorsteinsson was a productive artist and teacher who in his career made use of most art-mediums. In addition to creating visual artwork he wrote novels, plays, poetry and music. He became well known in Iceland for *The Pocket Theatre*, a play performed on the Icelandic National Radio in 1991 and later on television. His novel *The Message Pouch* was an instant success when it was published in 1986 and was later dramatized and performed in The National Theatre of Iceland, as a musical in 1993. His four books about *Betterby* have been translated into several languages and Reykjavík City Theatre staged his play *And Björk of Course* in 2002.

Þorsteinsson held numerous solo exhibitions, both in Iceland and abroad, and participated in international group exhibitions all over. He would have turned sixty on November 7<sup>th</sup> 2020 and on that occasion the Akureyri Art Museum will hold a symposium about his lifework, on his birthday.

**hólabúðin**

11:00 - 12:30      25.09. 1996

Dagný Þorsteinsdóttir      Ólöf Guðlaugsdóttir      Egill Glæson      Úngvi Loftsson      Gísliður Þórhildsdóttir      Jarniður Þórhildr Þórhildsson  
 Þordur Árason      Jóni Þórhildsson      Jóni Gunnlaugsson      Jónina Laxdal      Jóhann Guðmundsson      Karl Þ. Magnússon  
 Sigríður Þórhildsson      Lora Þórhildsdóttir      Lora Þórhildsdóttir      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson  
 Sigríður Þórhildsson      Jóhanna Þórhildsdóttir      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson  
 Sigríður Þórhildsson      Jóhanna Þórhildsdóttir      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson      Ólafur Þórhildsson



# A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

## A! Performance Festival

# A!

01.10.20 – 04.10.20

A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega, nú í sjötta sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Leikfélags Akureyrar, Menningarhússins Hofs, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarhátíðar, Gilfélagsins, Listnámsbrautar Verkmenntaskólans og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur A! Gjörningahátíðar eru ungar og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum og leikhúsfólk. Á meðal þeirra sem komið hafa fram á A! eru Magnús Pálsson, Florenc Lam, Rúrí, Theatre Replacement, Ka Yee Li, Hekla Björt Helgadóttir, Anna Richardsdóttir og Tales Frey. Hátt í 2000 gestir hafa sótt hátíðina hverju sinni og notið líflegra og spennandi gjörninga.

Samhliða A! fer vídeólistahátíðin *Heim* fram auk viðburða utan dagskrár (off venue).

A! is a four-day international performance festival held every year, now for the sixth time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Akureyri Culture Society, Akureyri Theater, LÓKAL International Theater Festival, Reykjavík Dance Festival and Icelandic Art Centre.

A variety of performances and theatre-based projects of all kinds are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists as well as experienced and well-known performance artists and theatre professionals. Among those who have participated in A! are Magnús Pálsson, Florence Lam, Rúrí, Theatre Replacement, Ka Yee Li, Hekla Björt Helgadóttir, Anna Richardsdóttir and Tales Frey. Close to 2000 guests have attended the festival each time, enjoying lively performances.

The video art festival *Heim* (Home) is held in Akureyri at the same time as well as a number of off-venue events.



Án titils, án ártals / Untitled, not dated (Hluti úr verki / Detail).

## KRISTÍN K. Þ. THORODDSEN (1885–1959)



### KTh – Málverk og ljósmyndir KTh – Paintings and Photographs

17.10.20 – 04.04.21

Kristín Katrín Þórðardóttir Thoroddsen (1885-1959) ólst upp í Reykjavík og fékk þar tilslögn í tónlist og myndlist eins og títt var um dætur efri stéttar Reykvíkinga á þessum tíma. Hún hélt til Edinborgar 1904 í myndlistanám. Á fimmta áratug 20. aldar tók Kristín upp þráðinn að nýju er hún dvaldist í New York og stundaði þar myndlist hjá Art Student's League.

Kristín bjó á Akureyri 1907-1932 ásamt manni sínum Steingrími Matthíassyni héraðslækni og börnum þeirra. Þau slitu samvistum 1932 og hélt Kristín ásamt yngstu dóttur sinni, sem þá var 11 ára, til Indlands til að starfa fyrir Alþjóðamiðstöð Guðspekihreyfingarinnar í höfuðstöðvum hennar í Adyar.

Kristín færði Akureyrarkirkju tvö málverk að gjöf árið 1942 sem síðan þá eiga sinn sess í skípi kirkjunnar. Bera verkin skýrt vitni um faglega skólun í myndlist. Hún átti um margt sérstæðan feril og var vel heima í framsæknun hugmyndum síns samtíma. Verk Kristínar hafa ekki áður verið sýnd opinberlega, fyrir utan málverkin tvö í kirkjunni. Á sýningunni má sjá valin málverk ásamt ljósmyndum frá ferð hennar til Austurlanda.

Hrafnhildur Schram listfræðingur, Helga Kress bókmennatafræðingur og dr. Sigríður Matthíásdóttir sagnfræðingur skrifa texta í sýningarskrá.

Sýningastjóri: Þóra Sigurðardóttir, myndlistarmaður.

Kristín Katrín Þórðardóttir Thoroddsen (1885-1959) grew up in Reykjavík, where she received her first instructions in music and visual art, as was common among daughters of the upper class in Reykjavík at the time. Thoroddsen left for Edinburgh in 1904 to study visual arts. After 1940 she started painting again, this time at the Art Students League in New York.

Thoroddsen lived in Akureyri from 1907-1932 with her husband Steingrímur Matthíasson, the district doctor, and their children. They separated in 1932 when she travelled with her 11 year old daughter to India to work for the International Theosophical Society at its headquarters in Adyar.

In 1942 Thoroddsen donated two paintings to Akureyri Church that clearly bear witness to her professional training in visual arts. Her career was unusual in many respects, and she was well acquainted with the progressive ideas of her times. Apart from the paintings in the church, her work has never before been exhibited officially. In this exhibition a selection of paintings is presented along with photographs from her travels in the Orient.

Hrafnhildur Schram, art historian, Helga Kress, Professor Emeritus and dr. Sigríður Matthíásdóttir, historian, wrote the text in the catalogue.

Curator: Þóra Sigurðardóttir, visual artist.

# ARNA VALSDÓTTIR



*Staðreynd 6 – Samlag*, 2014 (Hluti úr verki / Detail).

## Staðreynd 6 – Samlag

Local Fact 6 – Co-op

**Vídeo-innsetning úr seríunni Staðreynd**  
Video installation from the series Local Fact

05.12.20 – 07.02.21

„Verkið vann ég sérstaklega fyrir sýninguna *Staðreynd – Local Fact* 2014. Það er einfaldlega staðreynd að 13 ára var ég sumarstarfsmaður í ostagerð Mjólkursamlangs KEA, sem nú hýsir Listasafnið á Akureyri. Síðar vann ég í nýja samlaginu, þegar starfsemin flutti, fyrst við að einangra mjólkurrör í kjallaranum og síðar í ostagerðinni. Í hvert sinn sem ég geng um Listasafnið finnst mér ég finna örlitla mysulykt í loftinu og þekki hljóðið í flísunum.“

Í verkinu tengi ég gamla samlagið við það nýja og flyt þau bæði inn í Listasafnið. Ég myndaði ferðalag mitt frá einum stað til annars og dró gamla tímann á eftir mér inn í þann nýja. Sem unglindi fannst mér gott að semja litlar laglínur í huganum við taktinn í vinnuvélunum og þær raula ég á ferðum mínum í verkinu.“

The work was made especially for the exhibition *Staðreynd – Local Fact* in 2014. It is simply a fact that at the age of 13 I was hired to work during the summer in the cheese production part of the Co-op Dairy, which now houses the Akureyri Art Museum. Later I worked at the new Co-op Dairy, when it had moved to another location, first insulating milk pipes in the basement and later in the cheese production. Every time I walk through the Art Museum I can smell a hint of whey in the air and recognize the sound of the floor tiles.

In the work I connect the old Co-op Dairy to the newer one and transport both into the Art Museum. I documented my travel from one place to another and dragged the old time with me into the new one. As a teenager I liked making up little tunes in my mind to the rhythm of the machines and I'm humming those same tunes in the video-piece.“

# LISTASAFN HÁSKÓLA ÍSLANDS



Þorvaldur Skúlason, *Blár hljómur*, 1957.

## Stofn

Úrval verka úr safneign  
Listasafns Háskóla Íslands

Foundation

Selected works from  
The University of Iceland Art Collection

**05.12.20 – 21.11.21**

Listasafn Háskóla Íslands var stofnað 1980 og fagnar því 40 ára afmæli 2020. Líkt og mörg háskólalistasöfn erlendis byggir það safneign sína að hluta til á gjöfum. Stofngjöf hjónanna Ingibjargar Guðmundsdóttur (1911-1994) og Sverris Sigurðssonar (1909-2002) vegur þar þyngst og eru listaverkagjafir þeirra til safnsins á meðal verðmætustu gjafa sem Háskóla Íslands hafa borist. Einnig hafa ýmsir íslenskir listamenn eða dánarbú þeirra gefið safninu verk sín. Að öllu samanlögðu hafa Listasafni Háskóla Íslands verið gefin hátt í 1300 listaverk. Með innkaupum safnsins hefur verið aukið við listaverkageignina og á Listasafn Háskóla Íslands nú um 1450 listaverk.

Stofngjöfin til Listasafns Háskóla Íslands var að stórum hluta fjölmörg abstraktverk frá miðbiki og seinnihluta 20. aldar sem lagði grundvöll að einstöku safni. Á þessari sýningu verða sýnd abstraktverk eftir listamenn eins og Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Hörður Ágústsson, Guðmundur Andrésdóttir o.fl.

University of Iceland Art Collection was founded in 1980, hence it will celebrate its 40th anniversary in 2020. Like many university art collections abroad, University of Iceland bases its collection partly on donations. The founding collection, donated by the couple Ingibjörg Guðmundsdóttir (1911-1994) and Sverrir Sigurðsson (1909-2002) weighs the most, and their donations of artworks to the collection are among the most valuable gifts that the University of Iceland has received. Some Icelandic artists, or their estates, have also donated their artworks to the collection. The University of Iceland has altogether received 1330 artworks through donations. By adding the artworks that have been purchased, the collection now consists of 1450 artworks.

The founding collection was mostly made up of numerous abstract works from mid and second half of the 20th century, which laid the foundation for a unique collection. At the exhibition in Akureyri Art Museum abstract works by artists such as Þorvaldur Skúlason, Karl Kvaran, Hörður Ágústsson, Guðmunda Andrésdóttir and more will be exhibited.

## LEIÐSÖGN GUIDED TOUR

Leiðsögn alla  
fimmtudaga

Guided tour every  
Thursday

Nánari upplýsingar  
For more info

[listak.is](http://listak.is)

## VINIR LISTASAFNSINS

Vinafélag Listasafnsins  
á Akureyri er félag  
áhugafólks um myndlist  
og er tilgangur þess að  
efla starfsemi safnsins.

Skráning og allar  
upplýsingar má finna á  
[listak.is](http://listak.is)



OPNUM  
1. MARS 2020



Kaffi & list

## LISTASUMAR 2020

### ART SUMMER 2020

MYNDLIST

TÓNLIST

LEIKLIST

BÓKMENNTIR

HÖNNUN

SÝNINGAR

UPPÁKOMUR

GJÖRNINGAR

LISTSMIÐJUR FYRIR BÖRN

VISUAL ART

MUSIC

THEATRE

LITERATURE

DESIGN

EXHIBITIONS

EVENTS

PERFORMANCES

CHILDREN'S WORKSHOP



Ljúfmeti daglega og lostæti um helgar

Girnilegur matseðill í boði alla daga í hádeginu og á kvöldin á Aurora Restaurant.

Sunnudagsbrunch frá kl. 11.30 til 14.00. Happy hour alla daga frá kl. 16.00 til 18.00.

Okkar rómaða High Tea í boði alla daga frá kl. 14.00 til 17.00.

aurora  
CAFE • BAR • GRILL

Bókanir og upplýsingar í síma 518 1000 og á aurorarestaurant.is



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI ART MUSEUM

## FÁÐU ÞÉR ÁRSKORT!

Með árskorti að Listasafninu á Akureyri færðu aðgang að öllum sýningum árið um kring fyrir aðeins 3.500 kr. frá og með kaupdegi.

### #égákort



Kristall

Egils

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.



**Mynd á miðopnu: Frá sýningu Elina Brotherus, *Leikreglur / Rules of Play / Règle du Jeu*, 2019.**  
Midsection photo: From Elina Brotherus' exhibition *Leikreglur / Rules of Play / Règle du Jeu*, 2019.

**Sýningaskrá Listasafnsins á Akureyri 2020 skartar fjórum mismunandi forsíðum.**  
Akureyri Art Museum's Program-booklet 2020 has four different covers.



**Zzyzx**  
**2019**  
Heimir Björgúlfsson

**Fljótt, fljótt**  
**1981**  
Karl Kvaran

**Skrúður 18**  
**2019**  
Lilý Erla Adamsdóttir

**Golden Heart**  
**2018**  
Rym Karoui



## ÞAR SEM ÞÚ VILT ÞEGAR ÞÚ VILT

VIÐ ERUM HÉR!



# Starfsfólk Employees

## Hlynur Hallsson

Safnstjóri  
Director

## Guðrún Pálína Guðmundsdóttir

Fræðslufulltrúi  
Museum education

## Haraldur Ingi Haraldsson

Verkefnastjóri  
Project manager

## Heiða Björk Vilhjálmsdóttir

Fræðslufulltrúi  
Museum education

## Hlynur F. Þormóðsson

Kynningarstjóri  
PR & web

## Ingvar Haraldsson

Húsvörður  
Janitor

## Sigriður Trampe

Móttaka / skrifstofa  
Reception / office

## Þorbjörg Ásgeirs dóttir

Safnfulltrúi  
Museum coordinator

## Bergþóra Aradóttir

Móttaka  
Reception

## Þorri Birgisson

Móttaka  
Reception

## Pórunn Soffía Þórðardóttir

Móttaka  
Reception

Aðgangseyrir

kr. 1.800

Árskort Listasafnsins á Akureyri

kr. 3.500

Vinir Listasafnsins á Akureyri

kr. 3.500

Eldri borgarar

kr. 900

Frítt fyrir 18 ára og yngri, námsmenn,  
öryrkja og meðlimi í FÍSOS, SÍM og ICOM

## Listasafnsráð

Advisory Board of Akureyri Art Museum

## Hilda Jana Gísladóttir

Rósa Kristín Júlíusdóttir

Aðalsteinn Þórsson

Haraldur Ingi Haraldsson

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna Listasafnsins  
Observer, member of staff

## Stjórn Akureyrarstofu myndar stjórn

### Listasafnsins á Akureyri

Board of Akureyri Cultural and  
Marketing Office

## Hilda Jana Gísladóttir

Formaður Chairman

Sigfús Arnar Karlsson

Varaformaður Vice chairman

Anna Fanney Stefánsdóttir

Eva Hrund Einarsdóttir

Finnur Dúa Sigurðsson

Karl Liljendal Hólmeirsson

Áheyrnarfulltrúi Observer

Útgefandi Publisher

**Listasafnið á Akureyri** Akureyri Art Museum

Hönnun Design

**Cave Canem hönnunarstofa**

Prentun Print

**Ásprent** umhverfisvottuð prentsmiðja

ISBN 978-9935-9524-0-0

Ljósmyndir Photographs

Daniel Starrason, Almar Alfreðsson,

**Listasafn HÍ** HÍ art collection,

**listamenn** artists